

SAMTAL UM GUÐMUND FRÁ MIÐDAL LAUGARDAGUR 1. APRÍL 2006

Ari Trausti Guðmundsson
Guðmundur Oddur Magnússon

Godður: Tíðarandi og saga hans vekur áhuga minn - Guðmundur og hugmyndir hans tengjast tíðarandanum sérstaklega á þriðja og fjórða áratug 20. aldarinnar. Guðmundur frá Miðdal teiknaði nokkur frímerki í Alþingishátíðarseríunni og hann teiknaði líka minningarpeninga fyrir Alþingishátíðina 1930. Það er fróðlegt að skoða hvernig hin unga íslenska þjóð sviðsetur sig í sjálfstæðisbaráttunni og kemur sér upp myndmáli. Í kringum þjóðhátíðina 1874, hátíðina 1930 og svo lýðveldisstofnunina 1944. Flest okkar tákni sem myndgera þjóðina verða til á þessum tíma. Ekki bara myndlistarmennirnir heldur eru skáldin og tónsmíðirnir uppfull af þessu líka líka. Þeir eiga mikinn þátt í því hvernig okkur tekst til að búa til lýðveldi. Rómantísk þjóðernishyggja er ríkjandi í hugverkum íslensku þjóðarinnar á fyrri hluta 20. aldar. Þjóðernishyggja eru ekki bundin við Þýskaland á þessum tíma þó hún hafi átt upphaf sitt þar heldur er hún í gangi út um allt - meira að segja í Bandaríkjunum. Það er hins vegar merkilegt hvað gerist eftir seinni heimstyrjöldina, hvernig sigurvegarnir breiða markvisst yfir að þeir hafi haft sömu tilhneigingar og Þjóðverjar. Að finna heimildir um Heimsýninguna í New York 1939 er hreint ekkert auðvelt. Alþjóðahyggjan fer á fleygiferð eðlilega eftir styrjaldarárin og margir leggja mikið á sig til þurrka út þjóðernistilhneigingar sérstaklega í menningarlífinu. Vitundar-framleiðsluáætlunin í Hollywood málar sterkar myndir af ljótu Þjóðverjunum og gerir alla að glæpamönnum sem komu nálægt þeim. Helförin gegn gyðingum er ófyrirgefanlegt fyrirbæri. En spurningin er hvort það réttlæti að þjóðernistilfinningar séu glæpsamlegt viðhorf. Á þessu hangir svo margt. Á okkar tímum til dæmis alþjóðavæðingin - glóbalsíringin - sem veður yfir allt og gerir allt og alla eins. Við finnum fyrir nýrri tegund af rómantik í yngstu kynslóðinni sem er, eins og þeir sem eru vakandi á öllum aldri, að leita að hinu ekta og sérstaka. Hið illa er Macdonalds og Nike. Alþjóðavæðingu kapítalismans fylgir stöðlunarkvarðar og yfirborðsmennska sem lifandi sálir samþykkja ekki svo glatt. Það er jarðvegur fyrir nýja rómantik. Hin upphaflega rómantik sem Guðmundur frá Miðdal hrífst af tengist leitinni að hinu stórkostlega og upphafna sem getur þó verið smátt. Í málverki var það Caspar-David Friedrich sem tilheyrði þessari kynslóð rómantísku málara á síðari hluta 19. aldar, þeim sem máluðu ekki bara það sem þeir sáu fyrir framan sig heldur það sem þeir sáu innra með sér. Þeir settu tilfinningar sínar í verkin. Á þessum tíma var landslag bara vegalengdir og fólk var ekkert að vaða að ástæðulausu á fjöll nema til þess að elta rollur eða skjóta tófu. Erlendir ferðamenn á nítjándu öld, ferðamenn eins og William Morris og ferðamenn sem voru að leita að mikilfengleikanum, þeir fóru að Dettifossi og voru öðruvísi fólk en almennt gerðist. Þetta voru rómantískir hugsjónamenn. Fyrstu íslensku rómantísku málarnir, Þórarinn B. Þorláks, Ásgrímur og þeir allir saman, þeir mála fyrst og fremst Þingvelli, Heklu og Borgarfjörð. Þeir vinna mest í næsta nágrenni við

Reykjavík en Guðmundur fer miklu lengra. Er í forystu fyrir fólki, nýrri kynslóð sem fær áhuga á að fara lengra en hinir. Er að fara á fjöll af öðrum ástæðum en hagnýtum, er að upplifa kraft, birtu og tilfinningu. Íslenskir fjallamenn ekki satt...

Ari Trausti: Já, hann er alltaf að skrifa um þetta og það er annað sem kemur inn í skrifin og viðhorfin líka og það er að menn sáu beygða þjóð - líkamlega beygða. Sáu doða og drunga yfir lífinu. Réttu úr bakinu! Reyndu að takast á við raunveruleikann sem frjáls maður. Þetta gengur aftur og aftur í gegnum það sem hann er að skrifa.

Godður: Hann er í sjómennsku á táníngaárum sínum á Þorlákshöfn, þar sem hann stendur fyrir fimleikum og þar teiknar hann.

Ari Trausti: Já, hann teiknar mannlíf, þeir eru að drekka og þeir eru að glíma. Hann teiknar verbúðarlífið í sjálfu sér, ekki bara portrett eða hús, hann hefur brennandi samfélagsáhuga.

Godður: Eins og sagt er um Caspar-David Friedrich, þá voru þetta ekki málarar sem voru að mála eins og vísindamenn eða ljósmyndarar. Þeir máluðu innblásnir með miklum tilfinningum. Þetta er túlkun og upphafning.

Ari Trausti: Einmitt. Ég hef tekið eftir því að helmingurinn af vatnslitamyndunum og vel rúmlega það eru uppdiktanir. Raunar olíumyndirnar líka. Hann tekur ákveðin element út úr, kannski eitt fjall sem maður gæti hugsanlega þekkt en umhverfið er allt annað. Fólk er að koma til mín og deila við mig. Það segir; „Ég á mynd af Brennisteinsöldu í Landmannalaugum.“ Ég fæ að skoða myndina og sé að þetta er ekki Brennisteinsalda í Landmannalaugum. Fjallið gæti verið þar en restin ekki. Svo ýkir hann. Ég hef séð olíumyndir eftir hann af stöðum sem ég þekki. Þar kannski hamarinn er tvöfalt hærri en hann er. Þetta er auðvitað orðið miklu meira en bara endursögn, þetta er krufning, ummyndun og túlkun.

Godður: Frægustu tilvitnanirnar í Caspar-David eru eitthvað á þá leið að málarinn máli ekki það sem hann sér hérna ytra allt svo raunveruleikann heldur það sem hann sjái hérna innra. Það sem hjarta hans bjóði honum að sjá. Og sjái hann ekkert með sér hér innra sé engin ástæða til að mála mynd.

Ari Trausti: Þú getur ímyndað þér Guðmund upp í sumarbústað þessa fjóra mánuði á ári. Málar bara vatnslitamyndir án þess að fara neitt. Hann fór jú í ferðalög en hann tók afar sjaldan vatnslitina með. Hann var þarna inni stofuskálanum og málaði eftir minni og stundum skissum. Helmingurinn af þessum myndum, þetta gátu verið hauststemmingar, fjöll, veðrabrigði, hraun, vötn eða hvaðeina, eða jafnvel allt upp í nítíu prósent, er skáldskapur. Þá er hann að endurupplifa það sem hann hefur séð. Það sem mér finnst mikilvægir punktar hjá Guðmundi er þetta: Hann fer, hvort sem tröurnar fara með eða ekki, um allt landið á þeim tímum sem enginn fór um það. Hann sér staði sem varla

nokkur maður hafði komið á þá. Hann málar myndir á þeim tíma sem litljósmyndir voru ekki til. Kemur hér í bæinn með málverk eða málar eftir minni og skissum. Hann er með hverja sýninguna á fætur annari. Hann tekur þennan fjarlæga öræfheim og kannski endurbætir hann að einhverju leyti, kemur með hann til fólks og segir: “Svona er Ísland”. Þetta gerði ekki nokkur annar málari. Þeir fóru á Þingvelli og víðar en lögðu sjaldan á sig að fara inn í óbyggðir. Og svo þetta næst að mér finnst hann vera frjálsgalur. Þótt formin séu ströng og litirnir kröftugir og dimmir stundum, þá finnst mér hann vera skáld. Hann er að búa til land.

Godður: Já og hann hikar ekki við að taka myrku svæðin með. Óveður og hrikaleiki. Hann er eins og dramatískur barítón. Hann er ekki dúnmjúki tenórinn - vorið og blóm í haga!

Ari Trausti: Nei, nei, það er mjög mikið af myrkum myndum þar sem er óveður og ógn. En eftir því sem hann eldist og hættir að ferðast að þá birtir yfir myndunum. Þá koma meira að segja blómin og lyngið. Ef ég sé olíumynd frá 1960, þekki ég tímaskeiðið án þess að gá. Ég sé að það birtir yfir þeim en að sumu leyti finnst mér málunin ekki eins skemmtileg mér finnst hún þvingaðri. Hún er búin að missa þetta Turner-íska. Þessa miklu ólgu. Myndirnar eru búnar að missa ýmislegt en þær eru miklu bjartari. Þetta held ég að séu áhrifin frá vatnslitunum. Ef þú skoðar svo vatnslitamyndirnar að þá er mikið í þeim af björtum litum. Þetta er eitthvað sem kemur með aldrinum.

Godður: Guðmundur er landkönnuðurinn sem þorir að fara þangað sem ekki er farið. Og hefur nef fyrir því að skila því til annara. Upplifunin er ekki einkamál - hann þarf að koma henni frá sér. Hann er á einhvers konar „mission“, að opna þetta fyrir öðrum.

Ari Trausti: Sammála og mér finnst hann vera, þegar honum tekst vel upp, góður málari. Hann kann handverkið.

Godður: Þegar honum tekst vel upp. Eins og „Gosið í Grímsvötnum“ og „Hrafnþing“ báðar myrkar og stórglæsilegar. Þessi upphafning sem hann nær þar kemur ekki alltaf en þegar hún er þá er þetta glæsilegt. Hann er líka afkastamikill.

Ari Trausti: Hann er gríðarlega „próduktífur“. En ókey, maður getur sagt að þriðjungurinn af myndunum nái ekki þessum glæsileika. En þess utan finnst mér hann vera karlmannlegur málari. Ég kann vel við að sjá þegar hann leyfir formunum og litunum að fljóta svolítið og kemur inn með svona skúlptúrísk element. Maður sér að hann er skúlptúristi líka. Breiðar og þykkar strokur í samanburði við aðra íslenska málara, t.d. Júlíönu þar sem maður sér nánast engar strokur heldur litafleti, og svo kannski Jón Stefánsson sem er oftast jafn og mjúkur. Í olíumyndum eftir Guðmund sérðu gjarnan nokkurra millímetraþykkar litastrokur. Þær eru grófar. Þú sérð þetta ekki svo mjög hjá þessa tíma málurum.

Godður: Það virðist alltaf hitna í Guðmundi þegar minnst er á orðið abstrakt. Einhverstaðar las ég að hann hefði stutt son sinn Guðmund eða Erró til náms í Noregi vegna þess að hann vissi að þar væri ekkert abstrakt kjaftæði.

Ari Trausti: Já, það getur verið. Hann fékk ofnæmi fyrir þessu.

Godður: Þarna virðast þeir allir hafa haft sama smekk Adolf Hitler, Jósef Stalín og Jónas frá Hriflu. Þessir stjórnámálemenn standa allir fyrir háðsýningum á því sem þeir töldu úrkynjaða list. Enda abstrakt list algjörlega á öndverðum meiði við rómantik. Þar var fólk að leita að alþjóðlegu myndmáli en ekki þjóðlegu. Það var andstætt rómantískri þjóðernishyggju.

Ari Trausti: Þetta varð allt mjög pólitískt. Það er alveg á hreinu. Ég sé hins vegar á gamalli dagbók eftir Guðmund að hann er að skrifa frjálslugar hugleiðingar 1925 og veit um grein eftir hann sem heitir „Den Unga Ísländska konsten“ og er skrifuð 1934 eða 35, þar sem hann fjallar um alla íslensku listmálarana. Þá er þetta allt öðru vísi en það verður seinna. Þarna eru allir vinir. Hann skrifar þar mjög fallega um Gunnlaug Scheving og Ásmund Sveinsson. Það er eitthvað sem gerist með stríðinu og með móðernismanum, eitthvað gerist í listaheiminum sem herðir fáránlega á skrúfunum og gerir að verkum að menn eru orðnir óvinir. Ég held að þarna inn í blandist vonbrigði með svo margt hjá Guðmundi. Hann er brautryðjandi í grafík en það gerir honum ekki gagn. Hann verður fyrir mótlæti til dæmis í sambandi við keramikið. Það er ekki hægt að koma þessum plönnum hans á, það var engin skilningur fyrir því. Svo kemur stríðið og allar hremmingarnar sem hann lendir í þar. Ég hugsa að það blandist inn í þessu sterku viðbrögð. Móðernistarnir voru alveg jafn einstrengislegir. Það var orðið dauðasynd að mála figúratíft.

Godður: Já, þetta var mikið tilfinningamál - ekki bara hérna heldur alls staðar í hinum vestræna heimi. Hann skrifar talsvert á þessum tíma eins og í í tímaritið Mjölmi um „Um þjóðlega myndlist“ 1936. Ég tek eftir því að undirtónarnir í greinarskrifum hans eru mjög þjóðlegir og um þjóðleg minni. Til dæmis um fálkann, örlög arnarins, hreindýr og svo um að örn og valur séu í hættu. Svo skrifar hann um konuna sem barg Gullfossi og fleira í þessum dúr. Mig langar að spyrja um tengsl hans við dulspeki. Einhverstaðar rakst ég á að hann hafi verið riddari í erlendum leynireglum og hafi tekið þátt í dularfullum launhelgum og farið sálforum. Hvað er hæft í þessu?

Ari Trausti: Það er nú ýmislegt í þessu. Ég tel að eftir stríð hafi verið komið að vissri uppgjöf. „Slagsmálamaðurinn“ Guðmundur frá Miðdal held ég að hafi verið orðinn þreyttur á baráttunni fyrir því að vera áfram viðurkenndur í listinni, hann hafði verið það í kannski tvo áratugi til að byrja með. Stjarna hans dalar fljótt eftir 1950. Þá held ég að hann hafi hætt að nenna að standa mjög mikið í baráttu og leitar svona meira inn á við. Þetta sést í myndunum hans, þessum draumkenndu myndum. Hann fer að sækja til Sama og gerist aðal vinur þeirra á Íslandi. Fer hverja ferðina á fætur annarri til Finnlands og

kynnist þar shamanisma. Han segir frá þessu í einni bókinni þegar hann heimsækir völvu og nær einhverjum sérstökum tengslum við þetta líf. Í gegnum það tengist hann fólki í Finnlandi og víðar. Fólki sem er leitandi í sambandi við guðspeki eða dulspeki og eitthvað hefur hann sótt fundi þar sem þar sem sitthvað gerðist. Hann var hér í Guðspekifélaginu. Hann fer að lesa bækur um Tíbet og búddisma. Hann hverfur svolítið inn í þessa veröld án þess að það verði mjög áberandi. Ég held að þetta hafi ekki orðið mjög stór þáttur í hans lífi, meira forvitni síðasta áratuginn í lífi hans. Hann sýndi orðið aðallega hér heima, eitthvað jú í Finnlandi. En hann var hættur að vera með þessar stóru sýningar. Þetta var allt orðið miklu persónulegra en áður.

Goddur: Margir vinstri menn horfa fram hjá því að frumherjar módernismans, alþjóðamálsins, voru á kafi í dulspeki. Mondrian, Malevitsch og Kandinsky voru allir í guðspekifélögum. Upphaf módernismans er beinlínis rakið til trúarlegrar reynslu. Kemur hvergi fram að Guðmundur hafi haft áhuga á andlegum málum á fyrri hluta lífs síns?

Ari Trausti: Ekki svo greinilega en ég sé á þessum hugleiðingum sem ég var að tala um að hann er greinilega trúaður. En þar er hann ungur og leitandi. Hann fer í stóra ferð til Evrópu til Grikklands og austur um til Tyrklands til að skoða heiminn. Hann kemur heim og er í þessu sem ég kalla stóru verkefnum. Hann tekur þátt í því að hanna héra „Háborg Reykjavíkur“. Hann skiptir sér af Alþingishátíðinni. Hann kemur upp leirbrennslunni og fer í leiðangra að leita jarðefna. Hann er gríðarlega „próduktífur“ málari. Heldur hverja stórsýninguna á fætur annarri og tekur þátt í um tveimur tugum samsýninga en ég er samt viss um að hann hafi orðið fyrir ýmsum vonbrigðum í lífinu. Ekki náð þeirri stöðu sem hann stefndi að þegar fram í sótti.

Goddur: Þessi áhugi germanskra þjóða á uppruna sínum, upphafning norðursins, áhugi á dulmögnum norðursins, norræn goðafræði, Völuspá, Munch og „óp norðursins“, norðurljós, Wagner...

Ari Trausti: Mér finnst Guðmundur ekki hafa verið upptekin af þessu. Þú sérð það bara á því ef þú lest til dæmis „Bak við fjöllin“ eða „Fjallamenn“. Af hverju er hann upptekinn? Hann er upptekinn af framandi þjóðum - Sömum og inúítum. Hann fór oft til Grænlands...

Goddur: Já, en þetta er norðrið...

Ari Trausti: Það er ekki bara það. Það eru Inkarnir. Það eru Rússar og Kúrdar. Hann er alveg eins upptekinn af suðrænu þjóðunum. Týról-búar og tengsl Íslendinga við þá. Hann var sannfærður um að Íslendingar ættu ættir að rekja til Suður-Evrópu og Svartahafsins. Ég finn meira fyrir frumbyggjaspeki, almennum frumbyggjaáhuga, nánd við náttúruna í gegnum skrif og myndir. Þessi norður-upphafning er þarna miklu síður. Hann málaði að vísu myndir á Grænlandi en það var stórleikur náttúrunnar sem heillaði hann. Hann talar oft um hve inúítar eru miklir snillingar í að komast af og að þeir kunni að ferðast. Hann

og til dæmis Vilhjálmur Stefánsson urðu mátar. Þeir voru sannfærðir um að þeir kynnu að ferðast og leituðu skilnings á náttúrunni. Þá er þetta meira að vera snjall í baráttunni við náttúruna en það að Guðmundur sé að upphefja norðrið.

Goddur: Menn fæðast inn á ákveðinn stað í tíma og rými og hnattstaðsetningu. Og menn hljóta að merkjast af uppruna sínum og verða börn síns tíma. Kanntu þá að skýra hvers vegna Þjóðverjar sýna honum svona mikinn áhuga á fjórða áratugnum. Hann sýnir mjög mikið í Þýskalandi þriðja ríkisins.

Ari Trausti: Reyndar ekki nema á einni eða tveimur farandsýningum eftir 1930, held ég. En ég tel að Þjóðverjar hafi séð í honum margt af því sem þeim þótti gott. Þeir sáu í honum þetta stórkallalega Ísland og framkvæmdamanninn. Þeir sendu hingað fullt af fólki og hann greiddi

götu þess. Það var alveg sama hvort þetta voru áhugamenn um íslenska mythólógíu, málfræði, laxveiði eða fjallamennsku. Skólavörðustígurinn (43, innsk. ATG) varð Umferðamiðstöðin. Ég held að þýski opinberi menningargeirinn hafi í raun og veru rétt honum hendi og sagt: “Komdu til okkar og við hömpum þér”. Hann þurfti á því að halda þó að kannski hafi ekki orðið mikið úr því. Ég held að honum hafi fundist hann einangraður hérna. Hann hafði ekki sömu tengsl við enskumælandi lönd eða við Norðurlöndin, fyrr en eftir eftir stríð, og þá einkum við Finnland.

Goddur: Hann fær verðlaun tengd Ólympíuleikunum þar...

Ari Trausti: Já og heldur þar sýningar...

Goddur: Hver var rótin að því? Hver er rótin að þessum Finnlandstengslum?

Ari Trausti: Ég held að þetta hafi verið tvennt. Þetta hafi annars vegar verið það að Finnar hafa svipaðar rómantískar hugmyndir um Ísland eins og Þjóðverjar. Þeir eru líka hrifnir af þessu stórbrotna í náttúrunni. Þessum „bóhemísku“ tengslum við daglega lífið og líka náttúruna sem mér hefur alltaf fundist vera hjá vissum Evrópuþjóðum, þeim austrænu. Þetta kemur fram í þeirra list. Sönglist og myndlist.

Goddur: Kalevala...

Ari Trausti: Já, já við erum að tala um það. Það var eitthvað það flottasta sem pabbi hafði áhuga á. Hann byrjar að fara þarna eftir 1950. Hann nær tengslum við fullt af listafólki. Hann hittir Síbelíus. Hann tengist strax Akseli Gallen-Kallela fjölskyldunni. Hann tengist Tove Jansson höfundu Múmínálfa og Maj Brit-Holmberg. Hann tengist inn í músíksenuna og komið er á formlegum menningarsamskiptum milli landanna. Hingað kemur finnskur ballet, tónlistarfólk og hingað koma myndlistarsýningar. Og þetta gengur líka til baka. Hann er einn af þeim fáu sem sinnir þessu. Hann er einn af stofnendum Suomi-félagsins. Inn í þetta fléttast þetta Samadæmi sem heillaði hann algerlega upp úr

skónum. Þannig að þetta er hans „surrogate“ eða staðgengill fyrir Þýskaland eftir stríðið. Hann finnur þarna áhuga og samhljóm.

Goddur: En þetta er líka fólkið sem bjó til Finnland dagsins í dag eins og Guðmundur tilheyrir kynslóðinni sem gerði það hér.

Ari Trausti: Sat tog rétt. Sibelíus hitti Guðmund í hjartastað. Mikið spilaður heima. En það er líka annað í þessu. Ég fann alltaf í honum þessa taug sem ég kalla „bóhemíska“. Það er þessi lífsþorsti... þessi slavneski lífsþorsti til dæmis frá Ungverjunum. Hann var afskaplega hrifinn af þeim, hvernig þeir drekka, njóta lífsins, dansa mikið, elta mikið af konum. Hann var svona maður. Þetta finnur þú reyndar líka að vissu marki í Suður-Þýskalandi og í Tíról.

Goddur: Drakk hann mikið...?

Ari Trausti: Nei, hann kunni að fara með vín og hann reykti bara sem ungur maður. Ég get talið á fingrum annarrar handar þau skipti sem ég sá vín á honum. En þetta með lífsnautnina finnur hann hjá þessari þjóð, Finnunum. Af Norðurlandþjóðunum eru þeir lang mest svona djúpsigldir. Mér finnst ekkert skrytið að hann skyldi enda hjá þeim. Þessi hugmynd að við séum eitthvað ættuð frá þessum slóðum botnaði þar líka, í austrinu. Þess vegna segi ég að þetta norræna hjá honum, þú veist, sem einhvers konar kynþáttaarfur það var ekki...

Goddur: Ég var nú minnst að hugsa um það heldur „norðrið“ með inúítum og öllu sem tilheyrir því að búa á þessu svæði. Hvað er það að búa á mörkum hins byggilega heims...

Ari Trausti: Jú, jú en þetta tengdist meira náttúruhyggju og kannski fegurð almennt. Og annað. Hann var mikill náttúruverndarsinni. Þú nefndir til dæmis áðan greinina um Gullfoss. Þetta er löngu fyrir stríð. Þessi skógræktaráhugi hjá honum...

Goddur: „Talað við trén“...

Ari Trausti: Já, og veiða án þess að veiða of mikið eða veiða það sem maður ekki át eða gaf. Hlífa dýrum sem áttu undir högg að sækja.

Goddur: Þó að hann sé mesti veiðimaðurinn...

Ari Trausti: Jú, jú en hann talaði oft um það seinna að menn verði að fara gætilega. Beitti sér fast fyrir friðun arnarins og hafði þessar náttúruverndartaugar með þeim formerkjum sem þær voru á þessum tíma. Hann er líka svo margbrotinn. Það kemur fram í því hvað hann fæst við mörg listform. Brautryðjandi á sumum sviðum. Hann er frjór og fljótur að hugsa og fljótur að vinna. Og svo þessi mótsagnakenndu áhugamál hans. Hann er þjóðernissinni á vissan hátt en alþjóðasinni á annan hátt. Hann er „multi-rasisti“ í

jákvæðri merkingu. Hann er marg-þjóðamaður. Hann er ekki einn af þessum mönnum sem hefði lokað Íslandi fyrir innflytjendum. Sjálfur stuðlaði hann að því að hingað flyttist fólk.

Godður: Í raun er öll þjóðleg list alþjóðleg.

Ari Trausti: Já, en hann er samt að sýna fólki gamla tímann. Alla þessa sveitabæi sem hann er að mála með fortíðarsöknuði en um leið er hann allur upptekinn af náttúrunni villtri. Sérkennilegar allar þessar mótsagnir í honum. Sterkur en næmur og ljúfur. Hann bugaðist alls ekki en að sumu leyti gafst hann upp fyrir mótlæti. Harkan í þessu var mikil. Ég hjó eftir því í bók sem ég las hérna um leirlist. Það er haldin mjög flott módernísk leirlistarsýning 1957. Valtýr Pétursson skrifaði grein um hana í Morgunblaðið þar sem gefið er í skyn að sú sýning sé byrjunin á þessu sviði á Íslandi. Hann stríkar yfir ævistarf Guðmundar með einu pennastriki. Ég er að gefa út sjálfur bók með 160 litmyndum af leirmunum Listvinahússins og get ekki fallist á þetta. Alveg sama hvað einhverjum finnst um módernismann. Við erum að tala um tímabilið 1930 til 1950. Módernisminn kemur eiginlega ekki fram hér fyrr en um og upp úr 1946 og þú stríkar ekkert yfir það sem á undan er gengið og gekk upp í gæðum og einlægni. Annað dæmi. Tekið var viðtal við aldraðan málara í útvarpinu fyrir einu eða tveimur árum. Þá var hann að lýsa þessum hnífabardaga módernistanna og eldri listamannanna og segir efnislega: “Við vorum ungir reiðir menn og settum okkur það markmið að „drepa“ nokkra listamenn“. Auðvitað í óeiginlegri merkingu. Svo nefndi hann Guðmund frá Miðdal, Gunnlaug Blöndal og Ásgeir Bjarnþórsson og segir: “Okkur tókst það”. Viðurkennir reyndar að nú sé hann í svipaðri klemmu og þeir gömlu fyrrum. Svona var þetta dapurlegt og þegar menn lýsa þessu, sér maður í gegnum þetta. Þetta hafa verið harðir og vondir tímar. En það sem mér finnst þó verst er þegar verið er að falska raunveruleikann. Núna þegar sýningar með sumum af þessum köllum eða konum endurreistum eru opnaðar, við getum nefnt Gunnlaug Blöndal, segir listfræðingur í viðtali fyrir skömmu að Gunnlaugur hafi alltaf verið í miklum metum. En það er ekki rétt. Ég man eftir þessum tímum, Þau sátu heima Gunnfríður gamla Jóns, Magnús Á. Árnason, Gunnlaugur, Finnur, Kjarval og kvörtuðu yfir öllu þessu yfiringilega fári með afstrakt eða dótalist sem þeim mislíkaði að einhverju leyti. Þeim mislíkaði lætin með þá list og gleyskuna gagnvart þeim, sumir afskrifaðir eins og Guðmundur og Gunnlaugur.

Godður: Þessi stóru atriði sem varða Guðmund. Í fyrsta lagi það að hann opnar hálendið - hann fer þangað sem menn fóru ekki þá, allavega að „ópörfu“ og í öðru lagi þessir fjölpættu miðlar hans þar sem hann er frumherji eins og í grafík og leir. Nú hef ég orðið var við það hjá grafalvarlegum söfnurum í dag að þeir telji dýramyndir hans í leirnum sem hann hannar eitt það merkilegasta sem hann gerði og sækjast eftir þeim gripum.

Ari Trausti: Nú er ég ekki sammála því. Sumar þessara dýramynda finnast mér vissulega finar. Það er ákveðinn þokki til dæmis yfir fuglunum. Krumminn er kankvís og rjúpan er falleg þar sem þær sitja tvær saman. Ísbjörninn að vernda húninn sinn. Sumt finnst mér

ágætt en annað finnst mér svolítið stírt. En gleymun því ekki að til eru nánast jafnmargar styttur af fólki. Sjómanninum, konum, já, það eru til mjög fallegar styttur sem heita Systur, tvær ungar konur að faðma hvor aðra.

Goddur: Þú ert að segja með öðrum orðum að það séu til fleiri tegundir af styttum en af fuglum...

Ari Trausti: Ójá, en ég vil líka nefna að til eru renndir hlutir, könnur, skálar og vasar algerlega „plain“ með einhvers konar postlínslitum, kannski himinbláa sem hverfur út í hvítt, óskaplega fallegir en mjög einfaldir hlutir. Sumt hannaði hann ekki, það voru gerðu þeir sem þarna unnu, Sveinn bróðir hans, Baldur Ásgeirsson, eða einhver, kannski Lydia, mamma mín, eða Einar bróðir. Stundum teiknaði hann og lét renna eftir því. Þessi hlutir finnst mér jafnmerkilegir og hinir. Fjölbreytnin í þessu er mikil. Vasar sem eru nánast eins og logandi eldur og leysast upp í mjóan stromp. Mjög flott og í ætt við art-deco, til dæmis bæði öskubakki og kertastjaki. Ég vil meina að þetta sé gríðarlega merkilegt. Ég vil ekki gleyma svartlistinni þó að þetta séu bara koparstungur. Maður sér í þeim hvað hann er flínkur teiknari. Hann gerði töluvert af svartlistarverkum sem eru unnar út í heimi. Þegar hann er að halda fyrstu svartlistarsýningar að þá er hann að taka borgarstemminguna fyrir. Þú getur séð „raderingar“ þar sem eru bílar á götum í París eða hestvagnar í Berlín. Það eru til 50 til 100 koparstungur eftir hann, sumar af íslenskri náttúru, sumar af borgarstemmingum og erlendri náttúrustemmingu. Svo er líka eitt sem ég vil að komi fram: Hversu víða hann málaði. Hvaða íslenski málari málaði í Finnlandi, á Grænlandi, Grikklandi, í Týról og í Þýskaland og kom heim til Íslands með þetta og sýndi á árabílinu frá 1920- 50? Kannski Gunnlaugur eða einhver annar en fáir eru þeir.

Goddur: Ýmsar lágmyndir sem ég man eftir eins og á Hótel KEA á Akureyri, niður í Austurstræti...

Ari Trausti: Á Landsspítalanum er lágmynd og svo var hann talsvert í því að skreyta hús, súlur ofl., eins og í Austurstrætinu þar sem skemmtistaðurinn Rex er eða var, þar kom hann við sögu. Hann gerði loftið í Þjóðleikhúsinu, silfurbergshvelfinguna í anddyri Háskólans, kerin sem voru þar fyrir utan og var reyndar hent. Það er víst búið að finna þau aftur í hrúgu á bak við hús í Vesturbænum.

Goddur: Í lágmyndunum eru sagnfræði og þjóðlífslýsingar.

Ari Trausti: Já, kannsaki nálægt því að vera svona „sósíal-realískt“. Hann stillir saman stéttunum. Bóndinn og sjómaðurinn. Í Þjóðleikhúsinu er þetta listagyðjan, leikarinn og skáldið. Þetta eru svona táknmyndir, eins konar íkonagerð og soldið þyngslalegur blær yfir þessu. Mér finnst það líka í stóru höggmyndunum hans, Sjómanninum í Vestmannaeyjum, Sjómanninum í Ólafsvík og Skúla Magnússyni en samt ekki í þeim öllum.

Goddur: En tekurðu eftir því hvernig efnið og aðferðirnar stýra innihaldinu. Það er landslag í málverki, það eru dýr, menn og vasar í leir. Það er sagnfræði og íkonagerð í lágmyndum og það eru ferðasögur í grafík. Stundum er sagt að annaðhvort setji listamenn andann í efnið eða að andinn sé vakinn úr efninu - efni hafi ákveðinn anda

Ari Trausti: Jú það er rétt, en ég hafði ekki hugleitt það. Mér finnst höggmyndirnar hans stundum vera yfir-karlmannlegar. Meira að segja konumyndin með lárviðarlaufið, önnur þeirra sem hann fékk verðlaunin fyrir á Ólympíuleikunum finnst mér vera karlmannleg. Þegar maður ber þær svo saman við sumar eldri og líka yngri skúlptúra hans, eins og torsóið, nöktu konuna, finnst mér konurnar aftur á móti vera mjúkar og laglegar en á tímabili næstum eins og rússneskar lyftingakonur. Margir höfðu horn í síðu hans í sambandi við skúlptúr. Gerðu mikið grín að Skúla fógeta, hversu herðabreiður hann er hafður...

Goddur: Þetta er stíliserað...

Ari Trausti: Er hann ekki að túlka eitthvað með þessu...

Goddur: Eins og hamarinn þrefaldan í landslagsmyndinni.

Ari Trausti: Já, ég hef sætst við þetta. Ef honum hefði enst aldur, hefði hann einhent sér meira í einn miðil held ég... líklega vatnslitinn.

Goddur: Það er greinilega mikill hraði í lífshlaupi hans...

Ari Trausti:.. úff, heldur betur og svo skrifar hann líka. Við höfum varla minnst á það. Og svo tekur hann fullt af ljósmyndum, hann kvikmyndar. Hann hannar skartgrip, hann er að hanna húsgögn, hann er að búa til glermyndir í kirkjur...

Goddur: Veistu um merki?

Ari Trausti: Já hann hannar sýslumerki Árnassýslu. Hann gerði merki fyrir Landhelgisgæsluna og um borð í Ægi inn í messanum gerði hann veggmyndir. Hann vann einhver fleiri merki en ég hef ekki alveg yfirsýn yfir það. Hann gerir minningarpeninga fyrir Alþingishátíðina 1930. Hann gerði vangamynd af Jóni Sigurðssyni.

Goddur: Tengsl listar og náttúru er undirliggjandi þema á þessari sýningu núna í Gerðarsafni, ekki satt?

Ari Trausti: Jú, heitið endurspeglar þetta. Maðurinn í náttúrunni, náttúran í manningum. Ætlunin er að flokka náttúrustemmingarnar svolítið, eins og til dæmis í eldgos, öræfastemmningar og dýramyndir. Hann er eini íslenski málarinn sem málar eldgos af alvöru. Sverrir Haraldsson, jú eitthvað. Þó Guðmundur hafi ekki upplifað þau mörg, tók

hann þau mjög föstum tökum. Svo ætlum við að vera með útlöndin. Reyna að vera með þessa helstu miðla hans, vatnslitina, olíuna, grafíkina og leirinn. Kannski eitthvað af skúlptúr. Ég held að það sem muni vekja mesta athygli er fjölbreytnin í leirnum og þessi opnun öræfanna, skáldskapurinn um þau. Ég er alveg sannfærður um það burtséð frá skyldleikanum við Guðmundi að það á eftir að endurmeta hann. Hvað sem kemur út úr því veit ég ekki. En það er eitthvað að gerast.

Viðtalið birtist í: Maðurinn í náttúrunni – Náttúran í maninum. Guðmundur Einarsson frá Miðdal. Sýning í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni og Náttúrufræðistofu Kópavogs, 6. maí – 2. júlí 2006. Ritstjóri: Guðbjörg Kristjánsdóttir. Listasafn Kópavogs.